

270. fundur 15. nóvember 2007

**Fundargerð 270. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 15. nóvember 2007 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jölull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

**Dagskrá:**

Fundargerðir:

1. Fundargerð 269. fundar hreppsnefndar 11. október 2007. Samþykkt.
2. Fundargerð bruna- og almannavarnarnefndar 26. október 2007. Samþykkt.
3. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 14. nóvember 2007. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Bréf dags. 23. október 2007 frá Vegagerðinni með beiðni um framkvæmdaleyfi til efnistöku fyrir vegarkaflann Hofsstaðavegur – Þorskafjarðarvegur. Afgreiðslu frestað á meðan ýtarlegri gagna er aflað um t.d. tímasetningu á þverun Þorskafjarðar og efnisnám í framkvæmdirnar.
2. Innkaupareglur fyrir Reykhólahrepp sbr. lög um opinber innkaup nr. 84/2007. Drög. Sveitarstjóra falið að vinna að reglunum fyrir næsta hreppsnefndarfund.
3. Kauptilboð í félagsheimilið Vogaland. Tilboðinu hafnað.
4. Leigutilboð í félagsheimilið Vogaland. Tilboðið samþykkt.
5. Tölvupóstur dags. 12. nóvember 2007 með tilboði í eldvarnareftirlit fyrir Reykhólahrepp. Agli og sveitarstjóra falið að ganga til samninga við bjóðanda.
6. Bréf dags. 17. október 2007 frá Búnaðarsamtökum Vesturlands með boði um þátttöku í samstarfsverkefni um þjóðlendumál. Samþykkt að taka þátt í samstarfsverkefninu svo framarlega sem um almenna þátttöku sveitarfélaganna verði að ræða og að kostnaður Reykhólahrepps fari ekki upp fyrir upphæðir samanber minnisblað.
7. Tölvupóstur dags. 29. október 2007 frá fréttamanni RÚV á Ísafirði með beiðni um álit sveitarstjórnar á frumvarpi til laga um breytingu á sölu áfengis og tobaks. Erindinu vísað frá.
8. Bréf dags. 8. nóvember 2007 frá Dýralæknafélagi Íslands með ósk um stuðning við stofnun örmerkjagagnagrunns gæludýra. Erindinu hafnað.
9. Bréf dags. 23. október 2007 frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með ósk um samþykki á fjárhagsáætlun þeirra fyrir árið 2008. Fjárhagsáætlunin samþykkt.

10. Bréf dags. 15. október 2007 frá eigendum Hafrafellslands með ósk um umsögn sveitarstjórnar um fyrirhugaða nafnabreytingu í HAFRAHLÍÐ. Sveitarstjórn sér ekkert því til fyrirstöðu að nafnabreyting verði gerð.
11. Bréf dags. 16. október 2007 frá Reyni Bergsveinssyni með boði um aðild að matsgerð vegna þverunara Þorskafjarðar. Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að vinna í málinu.
12. Bréf dags. 17. október 2007 frá Landbúnaðarráðuneytinu með ósk um umsögn vegna landskipta á jörðinni Stað í Reykhólahreppi. Sveitarstjóra falið að svara erindinu á grundvelli umræðna á fundinum.
13. Bréf dags. 8. nóvember 2007 frá Umhverfisstofnun með umsögn þeirra um umsókn til leyfis að flytja hús í Flatey og reisa þar sem gistipjónustuhús. Umsögn Umhverfisstofnunar styður fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá 17. apríl 2007 þess efnis að óæskilegt sé að leyfa byggingar í Flatey fyrr en skipulagsvinnu er lokið.
14. Drög að þriggja ára fjárhagsáætlun. Áætlunin samþykkt.
15. Erindi frá oddvita um fréttabréf, viðtalstíma sveitarstjórnarmanna og íbúafund. Ákveðið að taka upp viðtalstíma sveitarstjórnarmanna og að þeir verði fyrsta mánudag hvers mánaðar. Stefnt verður að því að gefa út fréttabréf 3-4 sinnum á ári. Ákveðið að halda íbúafund í feb-mars 2008.

Til kynningar:

1. Bréf dags. 1. nóvember 2007 frá Landbúnaðarráðuneytinu til Kirkjuráðs varðandi sölu á ríkislandi á Reykhólum. Til kynningar.
2. Bréf ódagsett frá Landvernd um verkefnið Skólar á grænni grein. Ákveðið að vísa bréfinu til umhverfis- og náttúrurvernarnefndar.
3. Bréf dags. 22. október 2007 frá Veðurstofu Íslands um búnað fyrir snjóeftirlitsmenn. Til kynningar.
4. Ýmis bréf varðandi beiðni Íslandspósts hf um fækkun dreifingardaga í Reykhólahreppi.

Önnur mál.

1. Kaupsamningur við Þrjú ehf um kaup á íbúð í byggingu. Samþykktur.
2. Tekjujöfnunarframlag Jöfnunarsjóðs. Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um málið og leggja fyrir næsta fund.

Trúnaðarmál:

1. Eitt mál hefur borist. Afgreiðsla færð í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki gert., fundi slitið kl. 20:30

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)  
Karl Kristjánsson (sign)  
Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)  
Sveinn Ragnarsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)  
Óskar Steingrímsson (sign)